

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. maí 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-19/2008:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á bifreiðinni A hjá Y. Álitsbeiðandi segir að bifreiðinni hafi ekki fylgt allt það sem samkvæmt söluauglýsingum hafi átt að fylgja henni og vill fá afslátt af kaupverðinu.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 7. apríl sl., gaf kæruneftndin Y og Z kost á andsvörum við álitsbeiðni X, en í beiðni hans eru bæði fyrirtækin tilgreind sem gagnaðilar. Frestur til að veita andsvörin var gefinn til 18. apríl sl. Andsvör Y bárust 17. apríl. Enginn andsvör bárust frá Z. Með bréfi, dags. 25. apríl, gaf nefndin álitsbeiðanda kost á því að gera athugasemdir við andsvörin og bárust nefndinni athugasemdir hans 5. maí. Með bréfi, dags. 7. maí sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í ítarlegri lýsingu álitsbeiðanda á málavöxtum kemur m.a. fram að hann hafi 21. febrúar sl. séð bifreiðina A, auglýsta á www. og sent fyrirspurn um hugsanlegt uppítökuverð á bifreið sinni, B. Seljandi hafi sagt að álitsbeiðandi þyrfti að greiða kr. 840.000 á milli, en það væri háð söluskoðun á bifreið álitsbeiðanda. Daginn eftir hafi hann reynsluekið bifreiðinni og í framhaldi af því hafi tilboð og gagntilboð gengið á milli aðila. Niðurstaðan hafi orðið sú að hann greiddi kr. 975.000 og hafi fjárreiðustjóri Z haft milligöngu um það. Kaupverð bifreiðarinnar er í kaupsamningi og afsali tiltekið kr. 1.645.000.

Álitsbeiðandi kveðst hafa farið til Y 5. mars sl. til að ganga frá kaupunum. Áður hafi hann haft samband við sölumann hjá Y til að tryggja að sumardekk og álfelgur á bifreiðina væru til taks. Þá hafi hann fengið þau svör að álfelgur fylgdu ekki bifreiðinni sem sér hafi þótt undarlegt þar sem samkvæmt auglýsingu um bifreiðina hafi þær átt að fylgja með í kaupunum. Við undirritun á kaupsamningi kveðst álitsbeiðandi hafa gert skriflegan fyrirvara þess efnis að hann fengi álfelgurnar eða endanlegt kaupverð lækkaði sem næmi verðmæti þeirra.

Álitsbeiðandi segir að sama dag og kaupsamningur var undirritaður, hann fengið bifreiðina afhenta og ekið henni burt hafi komið í ljós að ekki hafi verið fullt samræmi á milli auglýsingar um það hvað fylgdi bifreiðinni og þess sem hefði fylgt henni í raun. Þannig hafi vantað aksturstölvu, loftkælingu og hita í sætum, auk álfelganna sem hann

hefði áður gert athugasemdir við. Álitsbeiðandi kveðst strax hafa gert athugasemdir símeiðis við sölumann seljanda vegna þessa. Sölumaðurinn hefði komið af fjöllum og ekki talið sig bera ábyrgð á því að auglýsing um bifreiðina hefði verið röng. Álitsbeiðandi kveðst hafa sent tölvupósta út af þessu til forstjóra og fjárreiðustjóra Z 6. mars sl. en sér hafi verið bent á að hafa samband við E, sölustjóra notaðra bíla, sem hann hefði gert 12. mars sl. Sölustjórinn hefði viðurkennt að seljandinn hefði gefið rangar upplýsingar í auglýsingu og boðið að samningnum yrði rift sem álitsbeiðandi kveðst ekki hafa haft hug á. Sölustjórinn hefði sagt þessi mistök hafa orðið vegna þess að Z væri ekki umboðsaðili fyrir þessa tegund hér á landi og því hefði sölumaðurinn ekki þekkt vel þá tegund bifreiða. Sölustjórinn hefði boðið sér álfelgur í sárabætur. Síðar sama dag hefði hann haft samband við sölustjórann og sagt honum að samkvæmt munnlegum upplýsingum frá D, umboði tegundarinnar, væru þeir fylgihlutir, sem fylgja hefðu átt bifreiðinni en ekki gert, að verðmæti u.þ.b. kr. 398.000 og álfelgur sem kostuðu um kr. 70.000 væri því ekki eðlilegur afsláttur af kaupverðinu. Samkvæmt skriflegum upplýsingum frá sölumanni D nemi verðmæti þessara hluta u.þ.b. kr. 342.000, þ.e. loftkæling kr. ca 165.000, álfelgur ca 68.000, hiti í sætum ca 54.000 og aksturstölva, sem ekki hafi verið pöntuð með þessari tegund bifreiða, kosti ca kr. 55.000.

Álitsbeiðandi segist hafa fengið tölvupóst frá framkvæmdastjóra Y 13. mars sl. þar sem hann segi að Z beri ekki ábyrgð á sölu bifreiðarinnar og að málið yrði leyst hjá sér. Í tölvupóstsamskiptum þeirra daginn eftir hafi sölustjórinn viðurkennt að söluaðila hefðu orðið á mistök þar sem bifreiðin hafi verið ranglega skráð í auglýsingunni. Sölustjórinn hafi boðið sér álfelgur líkt og E hefði gert áður en því kveðst álitsbeiðandi hafa hafnað.

Daginn eftir eða 15. mars kveðst álitsbeiðandi hafa haft samband við sölustjórann og gefið honum lokatækifæri til þess að veita sér eðlilegan afslátt af bifreiðinni. Þegar ekkert hafi heyrst frá sölustjóranum hafi hann haft samband við F, forstjóra Z, og gert honum grein fyrir stöðu málsins. F hafi viðurkennt að starfsmanni hafi orðið á mistök en Z bæri ekki ábyrgð á þeim þar sem söluumboð fyrirtækisins, Y hafi annast söluna. Sama dag hafi sölustjórinn haft samband við sig og boðið að málinu yrði lokið með því að álfelgurnar yrðu afhentar og veittur 60-70.000 króna afsláttur af kaupverðinu. Hann hafi borið það fyrir sig hvernig bifreiðin hafi verið flutt inn og að álitsbeiðandi hefði ekki verið að greiða fyrir fylgihlutina í verði bifreiðarinnar þrátt fyrir að auglýst hefði verið að þeir fylgdu henni.

Álitsbeiðandi segir tilboð sitt hafa miðast við það að fylgihlutirnir væru innifaldir í verðinu. Þar sem bifreiðin hafi verið auglýst á ákveðnu verði með fylgihlutunum geti sú fullyrðing ekki staðist að þeir hafi ekki verið innifaldir í verðinu. Hann hafi strax gert athugasemd við það að álfelgurnar fylgdu ekki með og seljanda hafi þannig hlotið að vera ljóst að hlutirnir sem auglýst var að fylgdu bifreiðinni væru innifaldir í endanlegu kaupverði. Álitsbeiðandi segir seljanda þannig hafa mátt vera ljóst að hann hafi staðið í þeirri trú að þeir fylgihlutir sem auglýstir voru fylgdu bifreiðinni. Þá hafi komið í ljós, þegar hann hafi hringt í sölumanninn sama dag og kaupin fóru fram, að hann hafi ekki haft hugmynd um að hlutirnir fylgdu ekki bifreiðinni. Af því sé ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að seljandi hafi gert ráð fyrir þessum fylgihlutum þegar hann hafi ákveðið verð á bifreiðinni og gengið hafi verið frá samningum.

Álitsbeiðandi vísar um rökstuðning fyrir kröfu sinni til neytendakaupalaga og telur ljóst að um galla sé að ræða sem seljandi beri ábyrgð á. Ekki sé hægt að setja þá

fylgihluti sem vantaði í bifreiðina heldur þurfi að panta sérstaklega bifreið sem sé með slíkum fylgihlutum, ef frá séu taldar álfelgur. Auk þess liggi fyrir upplýsingar um að aksturstölva hafi ekki verið pöntuð í þessa tegund. Úr göllunum sé því ekki hægt að bæta nema að litlu leyti. Bifreiðin sé í góðu ásigkomulagi og ekki sé um verulega galla að ræða sem leitt gætu til riftunar. Eðlilegra væri að bæta gallana með afslætti af kaupverði. Sá sem kaupir bifreið frá sérhæfðum aðila eins og Y eigi að geta treyst því að auglýsing sé rétt og beri seljandinn ábyrgð á því sé svo ekki. Söluaðili hafi viðurkennt að hann hafi gert mistök í málinu vegna þess að auglýsingin hafi verið röng en neiti engu að síður að gefa afslátt af kaupverði. Óeðlilegt sé að sá sem kaupir bifreið af sérhæfðum söluáðila þurfi að ganga úr skugga um að það sem tekið sé fram í auglýsingu sé rétt, auk þess sem tilkynningarskylda seljanda hljóti alltaf að vera ríkari en skoðunarskylda kaupanda. Í því tilviki sem hér um ræði hljóti einnig að skipta máli að ekki sé hægt að gera þá kröfu til kaupanda að hann átti sig á því að þá fylgihluti vanti sem seljandi sjálfur hafi ekki áttað sig á að ekki væru fyrir hendi. Hafi seljandi hins vegar vitað að fylgihlutina vantaði án þess að upplýsa kaupanda um það hafi seljandinn verið í vondri trú. Þannig verði ekki séð að seljandi geti lögum samkvæmt neitað því að veita eðlilegan afslátt af kaupverði bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi vekur athygli á að skráður seljandi bifreiðarinnar sé Ingvar Helgason ehf. og einnig kaupandi bifreiðarinnar sem upp í kaupverðið hafi gengið. Álitsbeiðandi telur þetta ásamt öðru sem hann tilgreinir benda til þess að Ingvar Helgason ehf. beri fulla ábyrgð á þeim mistökum sem gerð hafi verið við sölu bifreiðarinnar.

Þær upplýsingar sem hann hafi fengið um verð á þeim fylgihlutum sem vantað hafi gefi vísbendingu um hver megi teljast eðlilegur afsláttur af kaupverði, en þær tölur eru raktar hér að framan. Í því sambandi segir álitsbeiðandi að hafa verði í huga að um nánast nýja bifreið hafi verið að ræða sem ekki hafi rýrnað verulega í verði og gera megi ráð fyrir að hefðu fylgihlutirnir fylgt bifreiðinni væri verðgildi þeirra hið sama og um nýja bifreið væri að ræða.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum Y segir að starfsmaður fyrirtækisins hafi viðurkennt að skráning á bifreiðinni inn á vefinn hafi verið röng að hluta og hafi það legið ljóst fyrir áður en kaupin á bifreiðinni fóru fram. Í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hafi sent kærunefndinni sé talinn upp sá búnaður sem hafi átt að vera í bifreiðinni og hefði álitsbeiðanda átt að athuga hvort sú upptalning væri rétt. Sömuleiðis hefði honum átt að vera fullljóst eftir reynsluaksturinn að búnaðinn vantaði. Áður en kaupsamningur hafi verið undirritaður hafi álitsbeiðanda verið boðið að hætta við kaupin þar sem búnaðarlýsingin hafi ekki verið rétt en það hafi hann ekki viljað og ekki þegið síðari boð um það. Y beri enga ábyrgð á þeim upplýsingum sem birtar séu á netinu eða söluspjöldum. Verðlagning á bifreiðinni hafi verið rétt miðað við þann búnað sem í henni hafi verið samkvæmt viðmiðunarverðskrá bílaumboða. Það hafi verið fullur vilji til þess hjá Y að leysa þetta mál á sem eðlilegastan hátt og sé fyrirtækið tilbúið til þess að láta kaupin ganga til baka.

#### V

##### Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda kemur fram að þar sem um nær nýja bifreið hafi verið að ræða hafi skoðun hans fyrir kaupin verið fyrst og fremst athugun á því hvernig

bifreiðin væri í akstri og hvort ástand hennar væri svipað og búast mætti við miðað við aldur. Allar upplýsingar á bílaspjaldi hafi verið í samræmi við nokkuð ítarlega auglýsingu á vefnum. Hann hafi því ekki talið sig þurfa að ýta á alla hnappa í bifreiðinni eða þess háttar. Enginn fyrirvari hafi verið gerður á vefnum um að ekki væri tekin ábyrgð á því sem stæði í auglýsingunni sem þar hafi birst. Það séu hrein og klár ósannindi að hann hafi verið upplýstur fyrir kaupin um að búnaður bifreiðarinnar væri ekki í samræmi við það sem í auglýsingunni stæði. Álitsbeiðandi bendir á að í kaupsamningi hafi hann gert fyrirvara um að álfelgur fylgdu ekki bifreiðinni sem bendi eindregið til þess að hann hafi staðið í þeirri trú að annar auglýstur búnaður fylgdi því að annars hefði hann gert sambærilegan fyrirvara um þann búnað. Hvergi í þeim samskiptum sem orðið hafi á milli aðila eftir kaupin sé ýjað að því að hann hafi vitað að umræddur búnaður fylgdi ekki heldur sé eingöngu lögð áhersla á skoðunarskyldu kaupanda og að ekki sé tekin ábyrgð á upplýsingum í auglýsingu. Seljandi viðurkenni hins vegar oftast en einu sinni að mistök hafi verið gerð af hans hálfu.

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda við Z og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 segir að með neytendakaupum sé átt við sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu.

Í 3. mgr. sömu lagagreinar segir að með neytanda sé átt við einstakling sem kaupir hlut utan atvinnustarfsemi og á það ákvæði við álitsbeiðanda.

Ekki er annað vitað en bæði Z og Y hafi atvinnu af sölu og ná því lög nr. 48/2003 til viðskipta framangreindra aðila.

Í 4. mgr. 1. gr. laganna segir að umboðsmaður seljanda, sem hefur atvinnu sína af sölu, sé samábyrgur seljanda vegna skyldna hans, nema neytanda hafi verið bent sérstaklega á að umboðsmaðurinn sé aðeins milliliður og ekki samábyrgur seljandanum.

Samkvæmt kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðina A er Z seljandi, kaupandi G og umráðamaður X, en líta verður á X sem eiganda bifreiðarinnar í skilningi neytendakaupalaga. Í kaupsamningi og afsali er skráð að bifreiðasalinn, þ.e. Y, sé aðeins milliliður í viðskiptunum og ekki samábyrgur seljanda vegna skyldna hans. Hins vegar segir framkvæmdastjóri Y í tölvupósti til álitsbeiðanda, 13. mars sl., að hann sé sjálfstætt starfandi söluaðili með söluumboð fyrir Z og því hafi það fyrirtæki ekkert með málið að gera. Þessa yfirlýsingu í tölvupóstinum verður að skilja svo að með henni taki Y á sig skuldbindandi ábyrgð gagnvart álitsbeiðanda á bifreiðarkaupunum og eftirmálum þeirra þrátt fyrir að kunnigert hafi verið í afsali að fyrirtækið væri aðeins milliliður í samningunum og ekki samábyrgur seljanda. Enda þótt því hafi verið lýst yfir af hálfu Y að Z beri ekki ábyrgð á sölu bifreiðarinnar A leysir slík yfirlýsing ekki fyrirtækið undan þeirri ábyrgð sem það kann að bera gagnvart álitsbeiðanda samkvæmt ákvæðum neytendakaupalaganna. Verður samkvæmt því sem að framan segir að telja Y og Z samábyrga gagnvart álitsbeiðanda. Í þessu sambandi telur kærunefndin rétt að minna á skyldur bifreiðasala samkvæmt lögum nr. 28/1998 um verslunaratvinnu, sbr. 14.-16. gr. laganna. Bifreiðasala ber m.a. samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laganna að afla upplýsinga, sem

staðfestar skulu af seljanda, um akstur og ástand skráningarskylds ökutækis svo og annarra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Þá á bifreiðasali skv. 2. mgr. 14. gr. að staðfesta að fullnægjandi ástandslýsing fylgi ökutæki.

Í lýsingu úr söluskrá Y kemur fram að bifreiðin hafi verið nýskráð 11/2007, hafi verið ekið 7 þúsund kílómetra og verð sé kr. 1.760.000. Í lýsingu á aukahlutum og búnaði bifreiðarinnar segir m.a.: aksturstölva, álfelgur, hiti í sætum, loftkæling. Það er viðurkennt að þessir hlutir eða búnaður sem getið var í lýsingunni voru ekki í eða meðfylgjandi bifreiðinni og var lýsingin röng að því leyti.

Í 16. gr. neytendakaupalaga nr. 48/2003 er kveðið á um galla. Segir í c-lið 1. mgr. 16. gr. að hlutur sé gallaður svari hann ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin. Í 2. mgr. 16. gr. segir að reglur c-liðar gildi með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.

Kærunefndin telur að í skilningi þessara ákvæða neytendakaupalaganna hafi verið ákveðin gallar á þeirri bifreið sem álitsbeiðandi keypti.

Í 3. mgr. 16. gr. segir að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Það er upplýst að álitsbeiðandi vissi við kaupin að bílasalinn hafnaði því að álfelgur fylgdu bifreiðinni og var því ekki um galla að ræða að því leyti samkvæmt c-lið 1. mgr. og 3. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003. Hins vegar ritaði álitsbeiðandi á auglýsingu um bifreiðina svohljóðandi fyrirvara:

„Samninginn um kaup á A geri ég, X, kt. 000000-0000 með fyrirvara um að álfelgur fylgi bílnum eins og auglýsing sagði til, eða kostnaður vegna kaupanna á þeim verði greiddur af hálfu seljanda.“

Álitsbeiðandi gekk engu að síður frá kaupunum og greiddi umsamið kaupverð bifreiðarinnar vitandi um þá afstöðu bílasalans að álfelgur fylgdu henni ekki. Hann hélt þannig ekki eftir hluta kaupverðs sem svaraði verði álfelganna eða hætti við kaupin, sem bílasalinn segist hafa boðið honum. Má hér einnig líta til þess að ekki kemur fram í fyrirvaranum til hvers það myndi leiða af hálfu álitsbeiðanda afhenti bílasalinn ekki álfelgurnar eða greiddi verð þeirra og hvergi er í gögnum málsins neitt um það að aðilar hafi sammælt um að ágreiningi um álfelgurnar skyldi skotið til einhvers úrskurðaraðila. Hér er þannig um einhliða yfirlýsingu kaupanda að ræða. Hafa verður í huga að lækkun á söluverði bifreiðarinnar um verð álfelganna hefði vel getað leitt til þess að bílasalinn hefði hætt við að selja. Fyrst frá kaupunum gengið með þeim hætti sem að framan er lýst er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi geti ekki nú á grundvelli fyrirvarans krafist afsláttar af verði bifreiðarinnar vegna þess að álfelgurnar hafi ekki fylgt, eins og krafa hans stendur til.

Kemur þá til skoðunar með annan þann búnað sem auglýst var að væri í bifreiðinni, þ.e. aksturstölva, hiti í sætum og loftkæling, en var þar ekki.

Fyrir var rakið það sem segir í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga, þ.e. að neytandi geti ekki borið fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins álitur kærunefndin að á því megi

byggja að ekki hafi komið til tals við kaupin hvort framangreindur búnaður var í bifreiðinni eða ekki. Þá niðurstöðu styður að upplýst er að um álfelgurnar var rætt og verður að telja afar líklegt að álitsbeiðandi hefði gert sama fyrirvara vegna þessa búnaðar og hann gerði vegna álfelganna, hefðu hann komið til tals eða álitsbeiðanda verið ljóst að búnaðurinn var ekki til staðar, þegar frá kaupunum var gengið ef þá að kaupunum hefði orðið á annað borð. Það verður hins vegar að hafa í huga að í ákvæði 3. mgr. 16. gr. felst ákveðin skylda kaupanda til þess að rannsaka söluhlut við kaup en meta verður hverju sinni hve langt sú skylda nær. Venjulega á kaupandi ekki að þurfa við kaup á nýjum hlut að sannreyna í einu og öllu að hann svari þeirri lýsingu sem seljandi gefur á honum. Í því tilviki sem hér um ræðir var um að ræða nýlega bifreið, árgerð 2007, sem ekið hafði verið 7 þúsund kílómetra. Kærunefndin álítur að sé um nýja bifreið að ræða, eða svo nýlega bifreið eins og þá sem álitsbeiðandi keypti, verði ekki lögð sú skylda á kaupanda að ganga sérstaklega úr skugga um það hvort bifreiðin svari í einu og öllu þeirri lýsingu sem seljandi hefur gefið á henni. Kaupandi á að geta treyst því að seljandi eða umboðsmaður hans gefi réttar upplýsingar, sbr. ákvæði 14. gr. laga nr. 28/1998 og 16. gr. laga nr. 48/2003, sem rakin voru hér að framan. Þótt kaupandi aki bifreið til reynslu verður ekki miðað við að slíkur akstur eigi að hafi í för með sér að kaupandi þurfi við hann að sannreyna að lýsing seljanda sér rétt í einu og öllu. Kærunefndin telur að þetta eigi við um þann búnað sem vantaði í bifreiðina sem álitsbeiðandi keypti, þ.e. hita í sætum, loftkælingu og aksturstölvu. Búnaður af þessu tagi er ekki sérstaklega augljós þannig að við ökumanni blasi að hann vanti. Hvaða verð var sett á bifreiðina eða hvert kaupverðið endanlega varð hefur ekki sérstök áhrif á skoðunarskyldu kaupanda eða upplýsingaskyldu seljanda.

Samkvæmt framansögðu er það álit kærunefndarinnar að bifreiðin hafi, að því er varðar hita í sætum, loftkælingu og aksturstölvu, verið haldin göllum vegna þess að hún svaraði ekki að þessu leyti til lýsingar seljanda, hvorki í auglýsingum né við gerð kaupsamnings, og það leiði til þess að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti af kaupverði

Álitsbeiðandi hefur aflað upplýsinga um verð á þeim búnaði sem í bifreiðina vantaði og skilur kærunefndin þær svo að verð á nýrri bifreið með þessum búnaði myndi vera þeim mun hærra en verð á bifreið án hans. Kærunefndin telur að við mat á afslætti verði að taka tillit til þess að bifreiðin sem álitsbeiðandi keypti var ekki ný þótt nýleg væri. Með tilliti til þessa svo og ákvæða 1. mgr. 31. gr. laga nr. 48/2003 telur kærunefndin að hæfilegur afsláttur af kaupverðinu sé kr. 240.000.

## VII

### Álitsorð

Z og Y, greiði óskipt álitsbeiðanda, X, kr. 240.000,-

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir